

## Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 12. desember var tólfti fundur ársins 2023 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkur. Fundurinn hófst kl. 11:30 í Fossvogi. Mætt voru: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson meðstjórnandi, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, Bryndís Malla Elíadóttir og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Auk þess sat Sólveig Halldórsdóttir sviðsstjóri fjármála og rekstrar fundinn frá kl 12. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Lykiltölur og rekstur
3. Fjárhagsáætlun 2024
4. Stefnumótun
5. Líkhúsmál og rekstur
6. Jafnlaunavottun
7. Önnur mál og ákvörðun um vetrarfund

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt ásamt fundargerð frá því í september.
2. Kynntar voru lykiltölur í rekstri. Rekstrartap hefur lækkað eftir því sem líður á árið. Rekstrartap fyrstu 10 mánuði ársins voru liðlega 65 milljónir en var um 25 milljónir árið áður. Jarðsetningum á fyrstu 11 mánuðum ársins hefur fækkað, bæði duftkera og kistugrafa. Kistugrafir voru 480 en á sama tíma á síðasta ári voru þær 516. Fjöldi jarðsetninga á duftkerjum var 696 en á sama tíma á árinu áður var fjöldinn 717. Bálforum fjölgaði hins vegar úr 1.016 á síðasta ári í 1.071 á sama tíma á þessu ári. Bálforum heldur því áfram að fjölga og eru nú um 60% af jarðsetningum á Höfuðborgarsvæðinu og stefnir í að ná 45% að meðltali á öllu landinu fljótlega á næsta ári.
3. Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs og horfur fyrir næstu ár. Megináhersla næsta árs er að rekstur verði að mestu sjálfbær. Líkur eru á að tekjur muni þó hækka um 10% á árinu 2024 en lækkun varð á tekjum á milli árána 2022 og 2023. Einnig er lögð áhersla á að ljúka að mestu framkvæmdum við nýtt þjónustuhús í Kópavogi auk þess sem stígar og götur í kirkjugörðum verða lagfærðir og malbikaðir. Einnig er gert ráð fyrir viðhaldi á kirkju og öðrum fasteignum í Fossvogi.
4. Framkvæmdastjóri fór yfir innleiðingu stefnumótunar. Umræður.
5. Farið var yfir stöðu líkhúsmála og þá alvarlegu stöðu sem blasir við. Fundað var með dómismálaráðgjafa 7. desember. Ráðuneytinu er ljós hver staðan er en ráðgjafinn er að koma ný að málaflokknum. Fundurinn var góður og ráðgjafa var áhugasöm um stöðuna.
6. Kirkjugarðar Reykjavíkur hafa unnið að jafnlaunavottun undanfarna mánuði ásamt ráðgjafa. Sólveig Halldórsdóttir kynnti vinnuna og niðurstöður mælinga. Vinnan hefur gengið vel. Niðurstöður launagreiningar eru að launamunur kynjanna er 2,8% þar sem laun kvenna eru hærra en karla.
7. Önnur mál. Bálstofumál voru m.a. rædd auk þess dagsetning funda á næsta ári.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13.

Emilía Guðrún Svavarsdóttir  
Kristján Guðmundsson  
Egill Heiðar Gíslason

Ingvar Stefánsson  
Bryndís M. Elíadóttir